

HÁSKÓLAKÓRINN

GUNNSTEINN ÓLAFSSON KÓRSTJÓRI

HRAFNAR



- | | | |
|-----------|---|-------------|
| 1 | HRAFNAR
Hreiðar Ingi Þorsteinsson 1978 | 1:40 |
| 2 | RAUÐI RIDDARINN
Hreiðar Ingi Þorsteinsson 1978 | 1:44 |
| 3 | HEYR ÞÚ OSS HIMNUM Á
Anna Þorvaldsdóttir 1977 | 3:06 |
| 4 | HEILÖG SESSELJA
Gunnsteinn Ólafsson 1962 | 4:35 |
| 5 | NÚ VAKNAR ÞÚ MÍN ÞJÓÐ
Gunnsteinn Ólafsson 1962 | 3:00 |
| 6 | VORVISA
Jón Ásgeirsson 1928 | 1:19 |
| 7 | HAUSTNÓTT
Oliver Kentish 1954 | 4:21 |
| 8 | ÞAÐ VAR BARN Í DALNUM
Árni Harðarson 1956 | 1:33 |
| 9 | VIÐ KÍNAFLJÓT
Þorkell Sigurbjörnsson 1938–2013 | 3:36 |
| 10 | TIL SKÝSINS
Þorkell Atlason 1964 | 2:54 |
| 11 | FJALLA HRYNJA STALLAR STEINS
Þorkell Atlason 1964 | 1:34 |
| 12 | FLÖSKUKVEÐJUR
Þorkell Atlason 1964 | 2:20 |
| 13 | JESÚ MÍN MORGUNSTJARNA
Þorkell Atlason 1964 | 3:11 |

Upptökur fóru fram í Neskirkju
á árunum 2017 til 2022.

Recorded at Neskirkja Church
in Reykjavik from 2017 to 2022.

Þessi útgáfa var styrkt af
upptökusjóði STEFs og
Hljóðritasjóði Rannís.

The recording of this CD was
sponsored by STEF and Rannís.



UPPTAKA / RECORDING Árni Möller
STJÓRNANDI UPPTÖKU / RECORDING MANAGER Sverrir Guðjónsson
VATNSLITAMYND Á FORSÍÐU / COVER AQUAREL Örlygur Kristfinnsson

© Háskólakórinn 2023
ÚTGEFANDI / PUBLISHER Háskólakórinn

ALLUR RÉTTUR ÁSKILINN / ALL RIGHTS RESERVED n©b STEF Háskólakórinn.

1 HRAFNAR
Hreiðar Ingi Þorsteinsson

1:40

Sá ég hittast hrafna tvo.
Heyrði ég þá mæla svo:
Nú er um fæðuföngin tregt.
Fanstu nokkuð ætilegt?

Ég sá fallinn ungan mann.
Enginn skeytir neitt um hann,
þótt hann ætti hest og hund,
haukinn væna og festarsprund.

Hesturinn er í hagabeit.
Hundurinn er í matarleit.
Haukurinn væni á veiðar fló,
vífið öðrum faðmlög bjó.

Eg vil fá ef alls er gætt
augun blá í sjónarvætt,
hárið gullna í hreiðrið mitt.
Hitt sé allt að jöfnu þitt.

Förum hljótt og fljúgum lágt,
fáum gnótt, er mörgum smátt.
Hræ eru fyrir hrafna gerð.
Höldum bróðir morgunverð.

*Skosk ballaða. Örn Arnarson þýddi
(Magnús Stefánsson 1884–1942)*

2 RAUÐI RIDDARINN
Hreiðar Ingi Þorsteinsson

1:44

Svo einmana verður enginn
að ekki sé von á gesti,
riddara í rauðum klæðum,
sem ríður bleikum hesti.

Riddari í rauðum klæðum,
með rjúkandi sigð í höndum,
hleypir, svo hófanna dynur
heyrist í öllum löndum.

Af jóreyk mannheimar myrkvast,
og moldin sópast að skjánum.
Riddarinn brýst inn í bæinn,
og blóðið drýpur af ljánum.

Davíð Stefánsson 1895–1964

3 HEYR ÞÚ OSS HIMNUM Á
Anna Þorvaldsdóttir

3:06

Heyr þú oss himnum á
hýr vor faðir, börn þín smá,
lukku oss þar til ljá,
líf eilíft þér erfum hjá
og að þér aldrei flæmumst frá.

Þitt ríki þróist hér,
það þín stjórn og kristni er,
svo að menn sem flestir
safnist, Guð, til handa þér,
fegnir yfir því fögnum vér.

Síst skarta sönglist má
sé þar ekki elskan hjá,
syngjum því lof þá,
þér himnum á
maður rétt kristinn mun þess gá.

En þegar aumir vér
öndumst burt úr heimi hér
oss tak þá Guð að þér
í þá dýrð sem aldrei þver.
Amen, amen, það eflaust sker.

Höfundur ókunnur

4 HEILÖG SESSELJA
Gunnsteinn Ólafsson

4:35

Heilög Sesselja gaf mér
að auðnast mætti mjúklega
að láta steina syngja
íslenzkt grjót
meðan Eiríksjökull
samþýður þeim verndarkrafti
blasir við augum sálarsjón
séð frá Húsafelli

Sesselju gætir víða
og hún hefur lagt mér liðsemd
að láta steina syngja
og vekja af grjóti tóna,
hún létti mér að heyra
og kalla fram þessa tóna
svo þú mættir hlusta með mér.
Þökk Sesselju helgu.

Þung streymir elfur um klungur
skelfur berg titra hamrar
dvergarnir slungna flétta smíð
úr stáli
skoða sárið kvika
til að vita nær sé mál að fella saman
yfir báli
Og dreymir á djúpsins máli skáld.

Thor Vilhjálmsson (1925–2011)

5 NÚ VAKNAR ÞÚ MÍN ÞJÓÐ
Gunnsteinn Ólafsson

3:00

Nú vaknar þú mín þjóð
og þræðir nýja slóð
allt frá ystu tá um engin blá
og inn í Tröllagjá.
Hver fagurhvítur foss
er fósturjarðar koss,
til okkar sem hún ól
og allt sitt fól
með súld og sól.

Þetta land við eigum ekki ein
og megum engin mein því vinna.
Hver fagurhvítur foss
er fósturjarðar koss
til okkar sem hún ól
og allt sitt fól
með súld og sól,
því þetta land við eigum ekki ein
og megum engin mein því vinna.

Ekki meir, ekki meir, ekki meir!
Heyr, heyr, heyr!

Nú vaknar þú mín þjóð
og þræðir nýja slóð.
Burt frá bláum skjá
að bergvatnsá.
Hún best þig annast má.
Sjá, út við eyðisand
þér opnast draumaland
því ávallt logar ljós
við lítinn ós;
ein eyrarrós.

Já, þetta land við eigum ekki ein
og megum engin mein því vinna.
Nei, ekki meir, ekki meir, ekki meir.
Heyr, heyr, Heyr!

Nú verða vatnaskil
því vonir standa til
að landið fái frið
er förum við
að virkja hugvitið.
Svo vaknar þú mín þjóð
og þræðir nýja slóð.
Nú loks ég landið skil,
því foss og gil
þau finna til.

Þetta land við eigum ekki ein
og megum engin mein því vinna.
Ekki meir, ekki meir, ekki meir.
Heyr, heyr, heyr!

Hallgrímur Helgason (1959)

6 **VORVISA**
Jón Ásgeirsson

1:19

Hve bjart er veður
og blómið glatt er morgundöggin seður.
Ó græna lífsins land!
Ó lífsins Grænaland, ó lands míns gróður,
leyf mér að elska þig og vera góður.

Hve margt sem gleður.
Í gljúpri lækjarseyru smáfugl veður.
Ó dýra lífsins land!
Ó lífsins Dýraland, ó land míns bróður,
hvers lítils fugls, og draumur vorrar móður.

Halldór Laxness (1902–1998)

7 **HAUSTNÓTT**
Oliver Kentish

4:21

Mánaljós og silfur um safírbláa voga!
Og senn er komin nótt.
Það skelfur eins og strengur sé strokinn mjúkum boga.
Og stjörnuaugun loga
á djúpsins botni demantskært og rótt.

En bráðum rísa vindar við yztu sævarósa,
um unn og stendur lands.
Og bylgjuföxin rísa sem beðir hvítra rósa,
og boðar norðurljósa
í perluhvítum stormi stíga dans.

En fjærst í dýpstu myrkur og lengra en augað eygi,
er aðrir sofa rótt,
á eirðarlausum flóttu um auða hafsins vegi,
á undan nýjum degi,
fer stakur már um miðja vetrarnótt.

Tómas Guðmundsson (1901–1983)

8 **ÞAÐ VAR BARN Í DALNUM**
Árni Harðarson

Það var barn í dalnum sem datt oní gat
en þar fyrir neðan ókindin sat.

Þjóðvísa

1:33

9 **VIÐ KÍNAFLJÓT**
Þorkell Sigurbjörnsson

3:36

Við skolugt fljót
í skjóli bambustrjáa
má skynja heila veröld
milli stráa.
Hún Lí Sú Lú
situr þar hjá honum
Hó Sí Hú.
Og Hó Sí Hú
hjá henni Lí Sú Lú.

Himbrimi á heima
þarna í sefi,
að hreiðri syndir hann
með ljóð í nefi.
Hún Lí Sú Lú
heldur utan um hann
Hó Sí Hú.
Og Hó Sí Hú
um hana Lí Sú Lú.

Streymir blóð um æð,
og áin rennur.
Eldi slær á skóg,
og kossinn brennur.
Hún Lí Sú Lú
horfir í augu honum
Hó Sí Hú.
Og Hó Sí Hú
í augu hennar Lí Sú Lú.

Himbriminn hlær
við barni og móður.
Ó, hve hann elskar
þetta sef og rjóður.
Hún Lí Sú Lú
hvíslar Hó Sí Hú.
Og Hó Sí Hú
hvíslar Lí Sú Lú.
Ó, Hó Sí Hú.
Ó, Lí Sú Lú.

Þorgeir Sveinbjarnarson (1905–1971)

10 TIL SKÝSINS

Íslenskt þjóðlag. Þorkell Atlason útsetti

2:54

Sortnar þú ský!
suðrinu í
og síga brúnir lætur;
eitthvað að þér
eins og að mér
amar; ég sé, þú grætur.

Virðist þó greið
liggja þín leið
um ljósar himinbrautir;
en niðri hér
æ mæta mér
myrkur og vegaprautir.

Hraðfara ský!
flýtt þér og flý
frá þessum brautum harma;
jörðu því hver
of nærri er
oft hlýtur væta hvarma.

Jón Thoroddsen (1818–1868)

11 FJALLA HRYNJA STALLAR STEINS

Íslenskt þjóðlag. Þorkell Atlason útsetti

1:34

Fjalla hrynja stallar steins,
stundum mundi saka,
hjallar stynja allir eins,
undir grundir taka.

Jarpur skeiðar fljótur, frárr,
fimur reiða ljónið,
snarpur leiðar gjótur, gjár,
glymur breiða frónið.

Standið væna hnignar hér,
harðar tíðir gróa.
Landið græna orpið er
undir hríðir snjóá.

*Höf. ókunnur / Eggert Ólafsson (1726–1768) /
Sigurður Breiðfjörð (1798–1846)*

12 FLÖSKUKVEÐJUR

Íslenskt þjóðlag. Þorkell Atlason útsetti

2:20

Enn skal enni hlúna,
ertu komin núna,
flaska! fleyti-búna,
full uppundir tappa!
til þín vil ég vappa,
l: skrúfið af af af, :l
skrúfið af fyrir utan vaf,
æ, ég verð að klappa.

Ó, mín flaskan fríða!
flest ég vildi líða,
frostið, fár og kvíða,
fyrir en þig að missa;
mun ei mega kyssa,
l: munninn þinn þinn þinn, :l
munninn þinn svo mjúkan finn,
meir en verð ég hissa.

Fáðu fylli staupa,
frá mér skaltu' ei hlaupa,
ella aðra kaupa,
enn þú fastnað hefur,
hún þér hýru gefur,
l:haltu' um mig mig mig, :l
haltu' um mig en helltu' í þig,
hvað sem þorstinn krefur.

Þú mig glæðum gladdir,
góðu víni saddir,
hóf ég hærstu raddir,
hraut mér stöku vísa,
pitlu mína' að prísá,
l: þú ert tóm tóm tóm, :l
þú ert tóm með þurran góm,
þér má ég svona lýsa.

*Eggert Ólafsson (1726–1768)***13 JESÚ MÍN MORGUNSTJARNA**

Íslenskt þjóðlag. Þorkell Atlason útsetti

3:11

Jesú mín morgunstjarna,
með náð lýs þinni hjörð,
þinn ljóma þiggjum gjarna,
á þessa dimmu jörð,
fyrir þitt friðar orð.

Jesú ein huggun harma,
hugur minn til þín er,
þú munt mér aumum þyrma,
þar með náð veita mér;
til þess fulltreysti ég þér.

Son guðs, sætt lof í anda,
syng ég þér allan tíð,
efl mig í trú að standa,
að eftir heimsins hríð,
fái ég með þér frið.

Sá þennan söng réð kveða,
samkristnum öllum bað:
Láti oss lífs og dauða,
lausnarinn öðlast það,
sem bjó oss hans blessuð náð.

Höfundur ókunnur

Gunnsteinn Ólafsson hefur verið stjórnandi Háskólakórsins frá 2007. Hann fæddist á Siglufirði árið 1962 en ólst upp í Kópavogi. Hann stjórnaði Kór Menntaskólans í Kópavogi frá 1979–1983 og samdi fjölmargar tónsmíðar fyrir kórinn undir leiðsögn Jóns Ásgeirssonar, kennara við Tónlistarskólann í Reykjavík. Gunnsteinn stundaði nám í tónsmíðum við Franz Liszt-tónlistarakademíuna í Búdapest 1983–1987 og í hljómsveitarstjórn og tónfræði við Tónlistarháskólann í Freiburg í Þýskalandi 1988–1992. Að loknu námi hefur Gunnsteinn starfað sem tónskáld, kór- og hljómsveitarstjóri og tónlistarkennari við Listaháskóla Íslands og Tónlistarskólann í Reykjavík, seinna MÍT. Hann hefur einnig safnað íslenskum þjóðlögum fyrir Þjóðlagasetur sr. Bjarna Þorsteinssonar á Siglufirði og verið listrænn stjórnandi þjóðlagahátíðarinnar þar frá árinu 2000. Þá hefur Gunnsteinn skrifað barnabækur og fræðslubækur um náttúru Íslands.

Háskólakórinn var stofnaður árið 1972 og fagnaði því hálftrar aldar afmæli sínu árið 2022. Kórinn er að jafnaði skipaður 60 til 70 nemendum við Háskóla Íslands, jafnt íslenskum sem erlendum. Kórinn kemur fram við helstu viðburði skólans, svo sem við brautskráningu nemenda auk þess að halda sjálfstæða tónleika á hverri önn. Þá fer kórinn í árlega vorferð í lok skólaárs, ýmist innanlands eða utan. Kórinn hefur tekið þátt í kóramótum erlendis og unnið til verðlauna í alþjóðlegum keppnum. Þá hefur Háskólakórinn gefið út fjölmargar hljómplötur og geisladiska með íslenskri tónlist. Í tilefni af 50 ára afmæli sínu pantaði kórinn verkið *The Time is Now* eftir Báru Grímsdóttur og frumflutti ásamt Sinfóníuhljómsveit unga fólksins 26. mars 2022.

Sverrir Guðjónsson hefur um margra ára skeið tekið að sér upptökustjórn og listræna stjórnun tónlistarverkefna. Hann hóf söngferil sinn barn að aldri með útgáfu tveggja hljómplatna, og nam síðar og starfaði í London sem kontratenór með áherslu á samtíma- og fyrri tíma tónlist. Leiðandi tónskáld hafa samið tónlist sérstaklega fyrir hans raddsvið, sem hann hefur frumflutt og hljóðritað með ýmsum tónlistarhópum. Árið 2020 komu út “Rökkursöngvar” á tveimur ‘vinyl’ plötum, í 300 tölusettum eintökum, þar sem Sverrir er í samstarfi við íslensk tónskáld. Áður hafði einsöngsdiskur hans “Epitaph/Grafskrift”, sem var gefinn út af frönsku alþjóðlegu fyrirtæki “Opus 111/Naive”, verið valinn einn af geisladiskum ársins hjá Gramophone Magazine. Árið 2019 hlaut Sverrir, í samstarfi við sænska tónskáldið Sten Sandell, önnur verðlaun fyrir hljóðverkið, “Ragnarök-The Prophecy” (long form), hjá “Prix Marulic International Radio Dramal”. Árið 2018 hlotnaðist Sverri fyrstu verðlaun fyrir hljóðverkið, “Harpa Ófelíu” (short form), hjá “UK International Radio Drama Festival”. Heimildarmyndin, “Walking on Sound”, fjallar um samstarf Sverris við tónlistargoðsögnina, Stomu Yamash’ta og líbanska/franska kvikmyndagerðarmanninn Jacques Debs, sem Sverrir hefur starfað með að fjölda verkefna. Um þessar mundir er í undirbúningi heimildarmyndin, “Le Chant des Origines”, sem tengist Gregorsöng klaustranyna, í gegnum aldirnar, og einnig dýrlingnum Þorláki Þórhallssyni, biskupi í Skálholti, sem nam í París á 12.öld. Sverrir er einn af stofnendum sönghópsins, Voces Thules, sem hljóðritaði “Þorlákstíðir/The Office of Saint Thorlak” í heild sinni, og gaf út á listbók með þremur geisladiskum, í takmörkuðu upplagi. Tónlistarhandritið er talið ritað um 1400.

Gunnsteinn Ólafsson has conducted the University Choir of Iceland (Háskólakórinn) since 2007. He was born in Siglufjörður in northern Iceland in 1962, but grew up in Kópavogur, where he conducted Kópavogur Upper Secondary School's choir from 1979–1983 and composed many pieces for the choir under the direction of Reykjavík College of Music professor Jón Ásgeirsson. Gunnsteinn subsequently continued his studies at the Franz Liszt Academy of Music in Budapest, Hungary from 1983–1987 and went on to study conducting and musicology at the Freiburg Conservatory in Germany from 1988–1992. Since finishing his studies, Gunnsteinn has worked as a composer, a choral and orchestral conductor, and a music teacher at the Iceland University of the Arts and the Reykjavík College of Music. He has additionally served as artistic director for the Siglufjörður Folk Music Festival since 2000, and collected numerous Icelandic folk songs for the Rev. Bjarni Þorsteinsson Folk Music Center in Siglufjörður. He is as well author of some children's books and books about Icelandic nature.

The University Choir of Iceland (Háskólakórinn) was founded in 1972 and recently celebrated its 50-year anniversary in 2022. The choir normally consists of approximately 60 to 70 University of Iceland students, both local and international, and often performs in important ceremonies and special occasions on campus, such as graduations, in addition to its own independent concerts in which it performs every semester. The University Choir organizes annual trips at the end of the academic year, both within Iceland and abroad, in order to perform at concerts and participate in choral festivals and competitions, having won several prizes and awards at such events over the years. The choir has released a number of records and CDs of Icelandic music, and recently commissioned the work *The Time is Now* by composer Bára Grímsdóttir in honor of its 50th anniversary, which it debuted together with the Icelandic Youth Symphony Orchestra on March 26, 2022.

Sverrir Guðjónsson has through the years been in demand as a producer and artistic director for music projects and recordings. His singing career started as a boy soprano with the release of two 'vinyl' records. He later studied and worked as a counter-tenor concentrating on early and contemporary music. Leading composers have written music especially for his voice, which he has premiered and recorded with various ensembles. In 2020 he released "Twilight Songs/Rökkursöngvar" on double vinyl records, limited edition, in collaboration with Icelandic composers, writing for his voice. Years before he released "Epitaph/Grafskrift", traditional Icelandic songs with early instruments, published by the French International company Opus 111/Naive, which was elected one of the recordings of the year, by Gramophone Magazine. In 2019 did Sverrir and the Swedish composer Sten Sandell receive 2nd price for "Ragnarök-The Prophecy" (long form), at "Prix Marulic International Radio Drama Festival". In 2018 did Sverrir receive 1st price for "Ophelia's Harp" (short form) at "UK International Drama Festival". The documentary film "Walking on Sound" is a collaboration between Sverrir and the Japanese legend, Stomu Yamash'ta, and the Lebanese/French filmmaker, Jacques Debs, with whom Sverrir has worked on various projects through the years. The documentary "Le Chant des Origines" has been in preparation over the last couple of years, which tells the story of gregorian chant, through the ages. Also connecting "The Office of Saint Thorlak", the Icelandic Saint, who was a bishop in Skalholt and studied in Paris in the 12th century. Sverrir is one of the founders of the male vocal ensemble, Voces Thules, who made a complete recording of "The Office of Saint Thorlak/Þorlákstíðir" on 3 CDs and published in a limited edition. The music manuscript was written around 1400.

1 Two ravens meet and ask each other what is new.
Have you found something to eat? Yes, I saw a fallen
young man. No one cares what happened to him, though he
had a horse and a hound, a falcon and a loved one. Corpses
are for us ravenkind. Let us have breakfast, brother.

2 The Red Knight rides and is heard in all the lands.
Smoke darkens the human world. The Knight forces his
way into the farmstead and blood drips from his scythe.

3 Hear us, our Father in Heaven. Give us happiness,
grant us eternal life, and let us never be led astray from
you.

4 Holy Cecilia helps me to let the stones of Iceland
sing. I revel in the protective power of the glacier. The
river flows heavily through the canyon, while the dwarves
forge steel and temper their creations over the fire. The poet
dreams deeply and pensively.

5 Awake now, my nation. We alone do not own this
land; the waterfall, the river, or the Gorge of Trolls. Out in
the wilderness, a dreamland will open itself up to you, and
by a small estuary, a light burns: a lone fireweed. We must
not ravage the land. No, no more, no more. Let us nurture
our inventiveness, and our land shall have peace.

6 The weather is bright and the flowers delight in the
morning dew. Oh, green land of life, let me love and be
kind to you. A small bird wades in the marsh and gladdens
us. Oh, land of my brother, land of the little bird; this land
is our mother's dream.

7 Moonlight and silver around sapphire blue scales.
Soon night will fall. The wind howls and the northern lights
dance in a pearly white storm. A lone seagull on a restless
flight through the heart of the winter night over a desolate
path of the sea.

8 There was a child in the dale who fell into a pit. At
the bottom sat the beast.

9 By a brownish river, under the shelter of the bamboo
trees, a whole world can be seen between the branches.
There sit the lovers Li Su Lu and Ho Si Hu, where the loon
makes his home among the reeds. He swims to his nest
with a poem in his bill. The bird loves these reeds and this
glade. And Li Su Lu whispers "Ho Si Hu," and Ho Si Hu
whispers "Li Su Lu."

10 Dear cloud, you blacken in the south. Something
troubles you. I see you crying. It seems nothing can stand
in your way, but to me all paths seem closed. Hurry, cloud,
away from this vale of tears.

11 Stones tumble away from the cliffs. The horse
gallops and the earth trembles beneath its hooves. The
struggle for life is difficult and the land is carpeted with
snow.

12 Screw the cap off of the bottle. Oh, my fair bottle! I
long to kiss your mouth. Drink with me! With you I have
sung aloud and composed verses, but now you are empty.

13 Jesus, my morning star. May your mercy enlighten
your flock. We accept your light on this dark earth, along
with your words of peace. You comfort us in our sorrows.
Son of God, I sing your praises eternally. Your mercy
determines life and death.

Gunnsteinn Ólafsson ist seit 2007 Leiter des Universitätschores Islands (Háskólaakórinn). Er ist 1962 in Siglufjörður in Nordisland geboren und in Kópavogur bei Reykjavík aufgewachsen. Von 1979 bis 1983 leitete er den Chor des Gymnasiums in Kópavogur und als Schüler des Komponisten Jón Ásgeirsson komponierte er zahlreiche Chorwerke. An der Franz-Liszt-Akademie in Budapest studierte er von 1983 bis 1987 Komposition und von 1988 bis 1992 setzte er sein Studium an der Musikhochschule Freiburg in Musiktheorie und Orchesterdirigieren fort. Letzteres beendete er mit dem Hochschulabschluss. Nach seinem Studium kehrte er nach Island zurück und unterrichtete als Dozent an der Kunsthochschule Islands und am Musikgymnasium in Reykjavík (MÍT).

Mit großer Leidenschaft widmete Gunnsteinn Ólafsson sich zeitlang der Sammlung von isländischen Volksliedern und gründete im Jahr 2006 ein Zentrum für Volksmusik in Siglufjörður. Als künstlerischer Leiter veranstaltet er dort jährlich ein Volksmusik-Festival. Darüber hinaus ist er Autor einiger Kinderbücher und Sachbücher über die Natur Islands.

Der Universitätschor Islands (Háskólaakórinn) wurde 1972 gegründet und beging 2022 sein 50-jähriges Bestehen. Der Chor besteht aus ca. 70 Studenten und Studentinnen der Universität Islands sowohl nationaler als auch internationaler Herkunft. Im Rahmen öffentlicher Veranstaltungen der Universität tritt der Chor regelmäßig auf und gestaltet einmal im Semester ein eigenes Konzert. Jährlich im Frühjahr unternimmt der Chor eine Tournee entweder innerhalb Islands oder im Ausland. Die Teilnahme an internationalen Wettbewerben führte schon zu einigen Preisen. Der Universitätschor Islands hat zahlreiche CD's und Schallplatten mit isländischen Kompositionen aufgenommen. Anlässlich seines 50-jährigen Bestehens komponierte die isländische Komponistin Bára Grímsdóttir „The Time is Now“, ein Werk für Chor und Orchester. Es wurde mit dem Jugendorchester Islands am 26. März 2022 uraufgeführt.

1 Zwei Raben trafen sich. Gibt's was Neues? Hast du etwas Essbares gefunden? Ja, ich habe einen toten, jungen Mann gesehen. Niemand kümmert sich um ihn, obwohl er Pferd, Hund, Falke und eine Geliebte hatte. Kadaver sind für Raben gemacht. Lass uns frühstücken, Bruder.

2 Der rote Ritter reitet umher, sodass er in allen Ländern zu hören ist. Rauch verdunkelt die Welt der Menschen. Der Ritter bricht in die Stadt ein und Blut tropft von seiner Sense.

3 Erhöre uns, Vater im Himmel. Bringe uns Glückseligkeit, dass wir das ewige Leben erlangen, und dass wir uns niemals von dir abwenden.

4 Die Heilige Cecilia hilft mir, die isländischen Steine zum Singen zu bringen. Ich genieße die schützende Kraft des Gletschers. Der Fluss drängt sich durch die Schlucht. Die Zwerge schmieden aus Stahl und härten ihr Werk im Feuer. Der Dichter träumt tiefsinnig.

5 Jetzt erwachst du, mein Volk. Wir besitzen dieses Land nicht allein, nicht die Wasserfälle, die Flüsse oder die Schlucht der Riesen. Draußen am Wüstensand eröffnet sich dir ein Traumland und an einer kleinen Flussmündung leuchtet ein Licht: ein Weidenröschen. Wir dürfen unserem Land keinen Schaden zufügen. Nein, nicht mehr, nicht mehr. Nutzen wir unseren Einfallsreichtum, dann hat das Land Frieden.

6 Das Wetter ist schön und die Blume freut sich über den Morgentau. Oh, grünes Land des Lebens, lass mich dich lieben und freundlich zu dir sein. Ein kleiner Vogel fliegt über das Moor und erfreut uns. Oh, Land meines Bruders, Land des kleinen Vogels; das Land ist der Traum unserer Mutter.

7 Mondlicht und Silber über der saphirblauen Bucht. Die Nacht kommt bald. Das Meer heult und die Nordlichter tanzen in einem perlweißen Sturm. Eine einzelne Möwe fliegt inmitten der Winternacht auf einem friedlosen Flug über die leere Meeresstraße.

8 Es war einmal ein Kind im Tale, das in ein Loch fiel. Da unten saß das Ungeheuer.

9 Bei einem bräunlichen Fluss, im Schutz von Bambusbäumen, sieht man eine ganze Welt inmitten von Strohhalmen. Dort sitzen die Liebenden Li Su Lu und Ho Si Hu zusammen. Der Eistaucher ist dort in den Binsen zu Hause. Er schwimmt mit einem Lied im Schnabel zu seinem Nest. Der Vogel liebt diese Binsen und diese Lichtung. Und Li Su Lu flüstert: Ach, Ho Si Hu. Und Ho Si Hu flüstert: Ach, Li Su Lu.

10 Wolke, du schwärzt dich im Süden. Etwas stört dich. Ich sehe, dass du weinst. Nichts scheint dir im Weg zu stehen, aber für mich scheinen alle Wege geschlossen zu sein. Eilig, Wolke, fort aus diesem Jammertal.

11 Steine fallen von Klippen. Das Pferd rennt und der Boden bebt unter seinen Hufen. Der Kampf ums Leben ist schwierig und das Land ist mit Schnee bedeckt.

12 Schraubt die Flasche auf. Oh, meine liebste Flasche! Ich will deinen Mund küssen. Trink mit mir! Dank dir habe ich laut gesungen und Verse geschrieben. Nun bist du leer.

13 Jesu, mein Morgenstern. Möge deine Gnade deine Herde erleuchten. Wir empfangen dein Licht und dein Friedenswort auf dieser dunklen Erde. Du tröstest unsere Sorgen. Sohn Gottes, ich singe dir jederzeit Loblieder. Deine Gnade bestimmt Leben und Tod.

